


**Lbs 29 NF**  
**Guttormur Vigfússon: Skjalasafn 1873–1927. Skrá.**  
**Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn**  
**Handritadeild**



**Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn**  
© 2008

## **Lýsandi samantekt**

**Varðveislustaður:** Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, handritadeild.

**Staðsetning:** H29,3

**Safnmark:** Lbs 29 NF

**Skjalamyndari:** Guttormur Vigfússon frá Stöð (1845 – 1937)

**Titill:** Skjalasafn

**Dagsetning:** 1873 – 1927

**Magn:** 6 öskjur

### **Útdráttur:**

Safnið hefur að geyma dagbækur Guttorms frá árunum 1873 til 1927. Ræður fluttar við kirkjulegar athafnir og ýmis handrit sem voru í hans fórum.

### **Tilvitnun:**

Lbs 29 NF. Guttormur Vigfússon frá Stöð. Skjalasafn 1873 – 1927. Varðveisla: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Handritadeild. Arngrímögötu 3. IS 107 Reykjavík.

## **Samhengi**

**Nafn skjalamyndara:** Guttormur Vigfússon frá Stöð (1845 – 1937)

### **Lífshlaup og æviatriði:**

*Guttormur Vigfússon* f. 23. apríl 1845 í Hvammi á Völlum, d. 25. júní 1937 í Stöð í Stöðvarfirði, For.: Vigfús prestur að Ási í Fellum, (f. 3. júlí 1813, d. 19. mars 1874) Guttormsson próf. að Vallarnesi (f. 7. jan. 1775, d. 5. ágúst 1860) Pálssonar (albróðir séra Jóns í Hjarðar-holti), og f. k.hs. Björg (f. 4. nóv. 1821, d. 25. des. 1861) Stefánsdóttir próf. á Valþjófsstað (f. 25. sept. 1787, d. 19. jan. 1858) Árnasonar.

Stúd. í Rvík. 29. ág. 1869, II. eink. 75 stig. Cand theol. Prsk. 24. ág. 1871, I eink. 43 stig. Veitt Ríp 4. apríl 1872, vígður 16. júní s. ár, staðfest aðstoðarprestsköllun til séra Jóns Austmanns í Saurbæ í Eyjafirði 23. marz 1874, veitt Svalbarð 28. marz 1876, Fjallaþing 23. júlí 1881, fékk leyfi til að vera kyrr á Svalbarði 8. sept. s. ár, Stöð 17. maí 1888. Lausn frá embætti 4. maí 1925 frá fardögum s. ár. Settur próf. í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi 24. maí 1883 frá fardögum s. ár, skipaður 5. des. 1885.

Rit.: Ræður í: Ræður á þjóðhátíðinni á Oddeyri Ak. 1874. Æfiminning Jóns Austmanns, Rvík.

1889. Bjarmi 12. Kkjbl. 12. Nkbl. 7. Óðinn 16. Þýð.: Bjarmi 9. Óðinn 2, 10, 11, 21. Útg.:

Smásögur handa unglíngum 1. h., Ak. 1876. R. Fálk. 1. des. 1926.

1. k. (18. júlí 1873) Málmfríður Anna (f. 22. ág. 1852, d. 5. des. 1874) Jónsdóttir Austmanns pr. í

Stöð (f. 8. okt. 1809, d. 6. sept 1887) Jónssonar. Börn: Helga Austmann (f. 10. nóv. 1873), gift

fyrir Stefáni verzlunarm. í Mjóafirði Baldvínssyni síðar Hallgrími F. Austmann á Akureyri.

Málmfríður Anna Austmann (f. 27. nóv. 1874).

2. k. (24. ág. 1877) Friðrika Þórhildur (f. 1. nóv. 1859) Sigurðardóttir b. á Harðbak á Sléttu (f. 20. júlí 1829, d. 9. júlí 1911) Steinssonar. Börn: Vigfús (f. 10. júlí 1879) b. í Stöð og síðar á Norðfirði, Björg (f. 18. sept. 1881), Guðríður (f. 30. apríl 1883), gift Þorsteini Mýrmann kaupmanni í Stöðvarfirði, Guðlaug (f. 8. sept. 1884) gift Þorsteini b. á Löndum í Stöðvarfirði Kristjánssyni (sonur þeirra sr. Einar á Eiðum), Sigríður (f. 17. maí 1887), dó uppkomin. Páll (f. 9. jan. 1890), dó uppkomin, Málfríður (f. 9. jan. 1890), Sigurbjörn (f. 8. febr. 1892) b. í Stöð, Benedikt (f. 9. ág. 1899) kaupfélagsstjóri í Stöðvarfirði. Heim.: Austurland 6, bls. 175. Kkjrit 3, bls. 324. Óðinn 2, bls. 77. Tíminn 13, bls. 4, 21, bls. 33. Vörður 6, 53. tbl. [Björn Magnússon: *Guðfræðingatal 1847–1976*. Reykjavík 1976, bls. 146–147.]

### **Varðveislusaga:**

Safnið var í varðveislu afkomenda og borist handritadeild. Þórhallur Guttormsson, íslensku-kennari við V.Í., afhent 25. nóvember 1993 kistil með dagbókum og ræðum. – Anna Þorsteinsdóttir, kona séra Kristins Hóseassonar, afhenti 10. nóvember 1995 þýðingu á þýzkum spakmælum í almanaki Thomsens 1905, eftir móðurföður sinn, séra Guttorm Vigfússon á Stöð. – Séra Björn Jónsson á Akranesi afhenti 25. maí 1998 ýmis handrit, þar á meðal latínuskólaglósur Guttorms Vigfússonar, síðar prests á Stöð í Stöðvarfirði, með skinnblaðskápu frá katólskri tíð, rímna- og bænaker og fleira. – Ragnhildur Bragadóttir, skjalavörður í Borgarskjalasafni, afhenti 19. desember 2002 fyrir hönd Atla Freys Guðmundssonar, viðskiptafræðings og skrifstofustjóra í viðskiptaráðuneytinu, gögn sem sameina skal öðrum fólum afa hans, séra Guttorms Vigfússonar á Stöð í Stöðvarfirði.

**Um afhendingu:** Aðfanganúmer – 1993.11.25. – 1995.11.10. – 1998.05.25. – 2002.12.19.

## ***Innihald og uppbygging***

### **Umfang og innihald:**

Í safninu eru fjórir flokkar: A. Dagbækur. B. Kirkjulegar athafnir. C. Bænir og predikanir. D. Ýmishandrit.

### **Grisjun, eyðing og skráning:**

Ekkert hefur verið grísað og engu verið eytt. Kistill er lagður með öðrum kistlum í K2.

### **Viðbætur:**

Ekki er von á viðbótum.

## ***Um aðgengi og not***

### **Skilyrði er stjórna aðgengi:**

Safnið er opið.

### **Skilyrði er ráða endurgerð:**

Skv. reglum Landsbókasafns um ljósritun og myndun.

### **Tungumál:**

Íslenska.

### **Leiðarvísar:**

Enginn leiðarvísir var til yfir safnið.

## **Tengt efni**

**Tengdar einingar:**

Engar.

**Útgáfuupplýsingar / Not:**

Engar.

## **Um lýsinguna**

**Athugasemdir skjalavardar:**

Sjöfn Kristjánsdóttir gerði lista yfir handrit sem bárust 1998. Sigrún Guðjónsdóttir raðaði öðrum gögnum og bjó til lista í október 2008. Örn Hrafnkelsson skrifaði inngangslýsingu í október 2008.

**Dagsetning lýsingar:** SG, SK og ÖH, 11. nóvember 12008.

## **Innihald**

### **Listi yfir öskjur**

Askja 1: A. Dagbækur.

Askja 2: B. Kirkjulegar athafnir (1.–9.)

Askja 3: B. Kirkjulegar athafnir (10.–22.)

Askja 4: C. Bænir og predikanir (1867–1890)

Askja 5: C. Bænir og predikanir (1891–1910)

Askja 6: C. Bænir og predikanir (1911–1923 og ódagsett)

Askja 7: D. Ýmis handrit.

## **A. Dagbækur**

1. 1. ágúst 1873 – 10. sept. 1893
2. 11. sept. 1893 – 8. nóv. 1903
3. 9. nóv. 1903 – 2. júní 1904 og 1. jan. 1905 – 9. maí 1910
4. 6. júní 1904 – 31. des. 1904
5. 5. sept. 1910 – 30. sept. 1911
6. okt. 1911 – 7. júlí 1912
7. 8. júlí 1912 – 17. apr. 1913
8. 18. apr. 1913 – 20. mars 1914
9. 21. mars 1914 – 31. jan. 1915
10. 1. febr. 1915 – 29. des. 1917
11. 1. jan. 1918 – 12. nóv. 1923

12. 14. nóv. 1923 – 4. maí 1927

## **B. Kirkjulegar athafnir**

1. Húskveðjur
2. Líkræður og húskveðjur
3. Líkræður og fleira
4. Húskveðja + líkræða (aftar í heftinu) um Eyjólf Eyjólfsson
5. Fermingarræður
6. Altarisganga, útsetning sakramenta
7. Skírnarræður
8. Skírnarorð, ýmislegt fleira
9. Um hjón, o.fl.
10. Hjónavígsluræður
11. Hjónavígsluræða
12. Brúðkaupsvísur
13. Systir og dóttir – 2 vísur úr brúðhjónaræðunni
14. Skriftarræður
15. Konuinnleiðsla
16. Stólræður
17. Ræður (stólræður)
18. Ljóð ort til Guttorms af Sigurði Björgólfssyni
19. Ýmislegt
20. Þýðing, ýmislegt
21. Ýmsar kirkjuathafnir
22. Mynd (harðspjald)

## **C. Bænir og predikanir**

1. 1867–1880

2. 1881–1890
3. 1891–1900
4. 1901–1910
5. 1911–1923
6. Ódagsett.

## D. Ýmis handrit

### **Nr. 1**

Efni:

Rímur af Sigurði Snarfara

Rímur af Halfdani Brönufóstra

Ýmislegt efni aðallega kveðskapur

Æfiatriði Johönnu Rimur

Vísur og gátur

Ríma af Þorsteini austfirðing

Kveðskapur, ýmis konar

Ævisaga Starkaðar hins gamla

Stærð 22 x 17.5 x 3.5 cm. Tölusettar síður upp í 450 frá 273, þar fyrir framan tölusett af og til, frá bls. 38. – Skrifað nokkrum höndum en að mestu með hendi Jakobs Gíslasonar á Auga-stöðum í Borgarfirði eftir handriti frá Snorra á Húsafelli. – Ástand: Óbundið, vantar framan við, pappír mismunandi og misjafn, trosnað á jöðrum, hvítir blettir víða hvar, þurrir og hægt að skafa burtu: sennilega gömul mygla. Óhreint en ekki til skaða. Síður hafa límst saman í blettum og geta rifnað við að vera losaðar. Þetta handrit þarf sárlega á viðgerð að halda. Bókin er ekki öll tölusett og lítillega rangt saumuð, vantar í blað hér og hvar.

### **Nr. 2**

Efni:

Sagan af Gríshildi góðu,

Ljóðabréf,

Hrakningsríma,

Skiptavísur,

Sagan af Nikulási kóngi. Stærð 11.5 x 8.5 x 3 cm. Tölusettarsíður. Í bandi en þó laus í því. Bandið er skrautþrykkt skinnband á pappaspjöldum. – Bókin er í sæmilegu standi, þó er hún jöguð fremst og aftast og einu blaði bætt í, í staðin fyrir tapað þ.e. bl. 245 – 6. Vel skýr og læsileg skrift og blöð ekki dökk.

### **Nr. 3**

Efni:

Ágætur heilræða sálmur ... ortur af sál. Þorbergi Þorsteinssyni

Eitt biblískt stofuúr

Ein sakramentis bæn

Inni í bandi ýmis kver laus af misjafnri stærð og gerð. Hluti, 16 bl., upprunalegur og fastur í bandinu. Efni á lausum kverum:

„Vikukvöldbænir gjörðar af prestinum Sr. Jóni Hjalltalín“ með litaðri titilsíðu, bls. 1 – 24.

„Nockur Útvalinn Kvølld Vess“ bls. 25 – 48 vantar aftan á þau.

„Bænin“, 8 bl., trosnað á jöðrum og lítil spássía, blakkt fremst og aftast. Vantar aftan við.

„Kaldrananeskirkju inntekt og útgípt“, 8 bl., lítt skrifuð ástand gott.

„Húskveðja og „Ræða í kirkjunni“ við jarðarför Ingibjargar Halldórsdóttur, Hofi 8.10.1868. 6 bl. í góðu standi þó fremsta blað sé óhreinna en hin vel læsilegt enda nútíma skrift.

„Skírnar formúlar“ 8 bl. fallega skrifað settri hönd.

Þrjú blöð sem greinilega hafa verið notuð í bókbönd. Eitt með kristilegum kveðskap: Sæti Jesú... og Ó hvað gott er að fá sem fyrst ...

Tvö blöð rifin: I þínu nafni Eylifi .. Önnur tvö rifin með biblíutexta.

Brot með kristilegum kveðskap á 6 bl. óheilt vers 7 til 97, vantar því bæði upphaf og endi